

Persónuvernd
Innk.: - 3. DES. 2014
Mál: 2013/1625PS

Reykjavík 3. desember 2014.

**Persónuvernd  
b. t. Þórðar Sveinssonar  
Rauðarárstíg 10  
150 REYKJAVÍK**

**AFRIT**

**Efni: Bréf Persónuverndar til yfirstjórnar lögreglunnar á Suðurnesjum  
19. nóvember**

**2014 með tilvísun 2013121625PS/-**

Undirrituð fékk sent samrit ofangreinds bréfs á vinnustað sinn. Efni þess varðar öflun og miðlun persónuupplýsinga í samskiptum lögreglunnar á Suðurnesjum og annars af aðstoðarmönnum innanríkisráðherra 20. nóvember 2013. Undirrituð gegndi embætti lögreglustjóra á Suðurnesjum á þeim tíma sem umrædd samskipti fóru fram og átti sjálf í samskiptum við umræddan aðstoðarmann innanríkisráðherra þennan dag. Athugun Persónuverndar snýr þess vegna m. a. að embættisstörfum mínum. Af þeirri ástæðu tel ég að málefnið verði ekki fyllilega upplýst í meðfórum Persónuverndar án þess að ég fái komið að sjónarmiðum og rökstuðningi sem ég tel skipta máli við úrlausn þess.

#### **Um vinnslu persónuupplýsinga**

Um vinnslu persónuupplýsinga eru ítarleg ákvæði í lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000. Slík vinnsla er einnig heimiluð í ýmsum sérlögum sem óhjákvæmilegt er að líta til við úrlausn þessa máls.

Hlutverki lögreglu eru gerð skil í 1. gr. lögreglulaga nr. 90/1996 (lrl.). Er þar kveðið á um í 1. mgr. að ríki haldi uppi starfsemi lögreglu og í 2. mgr. að hlutverk hennar sé m.a. að gæta almannaoryggis og halda uppi lögum og reglu, stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, að vinna að uppljóstran brota og stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir í lögum um meðferð sakamála eða öðrum lögum, að greiða götu og aðstoða borgarana, að veita yfirvöldum vernd eða aðstoð við framkvæmd starfs-sinna-samkvæmt fyrirmælum laga eða venju eftir því sem þörf er á, að starfa í samvinnu við önnur stjórnvöld og stofnanir sem hafa með höndum verkefni sem tengjast starfssviði lögreglu og sinna öðrum verkefnum sem henni eru falin í lögum eða leiðir af venju.

Innanríkisáðherra fer með yfirumsjón útlendingamála skv. 1. mgr. 3. gr. laga um útlendinga nr. 96/2002 (útl.) og 4. gr. forsetaúrskurðar nr. 71/2013 og annast

Útlendingastofnun, löggregla og önnur stjórnvöld framkvæmd laganna að öðru leyti, skv. 2. mgr. sama ákvæðis. Löggregla undirbýr mál sem Útlendingastofnun tekur ákvörðun um, sbr. 2. mgr. 22. gr. sömu laga. Löggregla skal framkvæma rannsókn vegna umsóknar um hæli sbr. 50. gr. b. útl. þar á meðal að afla persónuupplýsinga um útlending sem sótt hefur um hæli.

Samkvæmt 8. gr. lrl. annast löggregla rannsókn brota í samráði við ákærendur. Þá segir í 2. gr. reglugerðar um stjórn löggreglurannsókna, rannsóknardeildir, rannsóknaraðstoð og samvinnu löggreglustjóra við rannsókn opinberra mála nr. 192/2008 að löggreglustjóri fari með forræði á rannsókn brota, sem framin eru í umdæmi hans og fari með forræði á rannsókn máls sem til rannsóknar er hjá rannsóknardeild hans. Þá vísast jafnframt til 1. og 2. mgr. 52. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 (sml.) þar sem segir að rannsókn sakamála sé í höndum löggreglu nema öðruvísi sé mælt fyrir um í lögum og löggregla skuli hvenær sem þess er þörf hefja rannsókn út af vitneskju eða grun um að refsivert brot hafi verið framið hvort sem henni hefur borist kæra eða ekki. Markmið rannsóknar er að afla allra nauðsynlegra gagna til þess að ákæranda sé fært að ákveða að henni lokinni hvort sækja skuli mann til sakar, svo og að afla gagna til undirbúnings málsmeðferðar fyrir dómi sbr. 1. mgr. 53. gr. sml. Nánar er fjallað um rannsókn og öflun rannsóknargagna í 54. gr. sml. Þá segir í 1. mgr. 56. gr. sml. að löggregla taki saman skýrslu um rannsókn sína í hverju máli um sig þar sem getið skuli einstakra rannsóknaraðgerða og niðurstöðu þeirra. Eftir því sem við á skuli þar meðal annars koma fram það sem sakborningur og vitni bera við skýrslutöku, sbr. 64. og 65. gr. sömu laga, athugun löggreglu sjálfar og niðurstaða skodunar og rannsóknar sérfróðra manna.

Í 226. gr. sml. er kveðið á um heimild löggreglu til að skrá og varðveita upplýsingar um brotaferil einstakra manna og atriði sem varða einkahagi þeirra. Þá er í 5. gr. lrl. einnig getið um skyldu ríkislöggreglustjóra til að halda málaskrá og nánar tiltekið hvað hún á að innihalda. Jafnframt er í 55. gr. laga um útlendinga nr. 96/2002 (útl.) kveðið á um heimild Útlendingastofnunar og löggreglu um vinnslu persónuupplýsinga, þar á meðal þeirra sem viðkvæmar geta talist, að því marki sem slík vinnsla telst nauðsynleg við framkvæmd laganna.

Efni þeirrar greinargerðar sem send var aðstöðarmanni ráðherra að kvöldi 20. nóvember 2013 laut aðeins að þeim málsatvikum sem fram höfdu komið við rannsókn málsins og að mati löggreglu upplýsingar sem nauðsynlegar voru til úrlausna í tilgreindu stjórnsýslumáli sem var til meðferðar í ráðuneytinu greint sinn. Samantektin er gerð samkvæmt lögum um meðferð sakamála og 55. gr. útl. Með vísan til þessa er því að mati undirritaðrar skýr heimild til almennrar vinnslu persónuupplýsinga í máli sem þessu, sbr. 8. og 9. gr. framangreindra laga nr. 77/2000, og er sérstaklega vísað til 3., 5., 6. og 7. tl. 1. mgr. og 3. mgr. 8. gr. og 2. og 7. tl. 1. mgr. og 3. mgr. 9. gr. þeirra.

## Um miðlun persónuupplýsinga til æðra stjórnvalds

Um miðlun persónuupplýsinga frá löggreglu er fjallað í 6. gr. reglugerðar um meðferð persónuupplýsinga hjá löggreglu nr. 322/2001. Miðlun slíkra upplýsinga til annarra stjórnvalda er nánar gerð skil í 2. mgr. þess ákvæðis.

Miðlun upplýsinga til ráðherra er heimili á grundvelli 14. gr. laga um Stjórnarráð Íslands nr. 115/2011 (srí) en þar segir:

*Ráðherra getur krafð stjórnvald, sem heyrir undir yfirstjórn hans, um hverjar þær upplýsingar og skýringar sem honum er þörf á til að sinna yfirstjórnarhlutverki sínu.*

*Ráðherra getur krafð sjálfstæð stjórnvöld, sem heyra stjórnarfarslega undir hann, um hverjar þær upplýsingar og skýringar sem þörf er á til að sinna eftirliti sku. 13. gr. og öðrum lögmæltum skyldum ráðherra.*

*Ef nauðsynlegt reynist í þessu sambandi að afhenda ráðherra upplýsingar sem almennar eða sérstakar þagnarskyldureglur taka til eru hann og ráðuneyti hans bundin þagnarskyldu með sama hætti og í þeim reglum greinir.*

Í lögskýringargögnum að baki lögum nr. 115/2011 um Stjórnarráð Íslands er ítarlega rakinn bakgrunnur laganna, s.s. að þau séu sett í því skyni að auka samvinnu, samhæfingu og samráð á milli stjórnvalda sem starfa að skyldum verkefnum. Kemur þar einnig fram að löggjöf og reglur geti vissulega mælt fyrir um umgjörð slíkrar samvinnu en hugarfarsbreytinga sé jafnframt þörf hjá þeim sem starfa í stjórnsýslunni þar sem samvinna sé lykilþáttur. Í lögskýringargögnum er yfirstjórnunarheimild ráðherra skýrð og inntaki hennar lýst með eftifarandi hætti: Í fyrsta lagi er ráðherra æðsti embættismaður viðkomandi ráðuneytis og fer með yfirstjórn þess. Í því felst að hann fer með þær valdheimildir sem honum eða ráðuneytinu eru faldar og í krafti þeirrar stöðu feli hann starfsmönnum ráðuneytisins að fara með tiltekin verkefni og geti gefið þeim fyrirmæli um rækslu þeirra starfa. Í öðru lagi felist í hans stöðu sem æðsta handhafa framkvæmdarvaldsins að hann fari einnig með yfirstjórn lægra settra stjórnvalda, sem starfi á því málefnasviði sem honum er falið að sinna. Ráðherra hafi að mörgu leyti svipaðar heimildir til að gefa lægra settu stjórnvaldi fyrirmæli og hann hefur gagnvart starfsmönnum ráðuneytis síns. Takmörk geta þó verið á því að ráðherra gefi lægra settu stjórnvaldi bein fyrirmæli um úrlausn einstakra mála. Þessi takmörkun stjórnnunarheimilda útilokar hins vegar ekki heimildir ráðherra til að gefa lægra settu stjórnvaldi almenn fyrirmæli um framkvæmd þeirra verkefna sem því eru falin og þá ber að hafa í huga að þegar og ef máli er beint til ráðherra á grundvelli stjórnsýslukæru þá felst í úrskurðarvaldinu mikilvægt stjórntæki ráðherrans gagnvart hinu lægra setta stjórnvaldi.

---

Samkvæmt lögskýringargögnum hefur ráðherra í grundvallaratrídum sömu heimildir og skyldur til að hafa eftirlit með lægra settum stjórnvöldum og hann hefur gagnvart starfsmönnum ráðuneytis. Ef út af er brugðið í starfsemi lægra setts stjórnvalds, s.s. um framkvæmd eftirlits eða annarra lögbundinna verkefna sem því eru falin, ber ráðherra almennt að bregðast við og nota einhver þeirra stjórnnunarúrræða sem hann hefur og felast í stjórnnunarheimildum hans.

Samkvæmt 4. gr. lrl. er ráðherra æðsti yfirmaður lögreglunnar í landinu.

Með vísan til framangreinds er ljóst að ráðherra hefur viðtækan rétt til þess að krefja stjórnvöld, sem undir hann heyra, um upplýsingar og miðlun upplýsinga til ráðuneytis, sem æðra stjórnvalds, er venjubundinn og eðlilegur þáttur í starfsemi stjórnvalda.

Í lögskýringargögnum að baki 3. mgr. 14. gr. sri kemur skýrt fram að með þeirri málsgrein laganna er tekin af allur vafi á því að ef þagnaskylduákvæði í lögum eru samkvæmt ordanna hljóðan afmörkuð við tiltekið stjórnvald eða starfsmenn þess, þá yfirlæstir þagnarskyldan engu að síður á starfsmenn ráðuneytisins þegar þeir taka við upplýsingum á grundvelli þess ákvæðis. Að mati löggjafans var það nauðsynlegt þar sem á tíðum eru sérstök þagnarskylduákvæði samkvæmt ordanna hljóðan afmörkuð við starfslið þess tiltekna stjórnvalds, í tilviki löggreglu í 22. gr. lrl. Með ákvædinu var því tekinn af allur vafi um það að tryggt skuli vera að sérstök þagnarskylduákvæði haldi gildi sínu varðandi þær upplýsingar sem um ræðir, en séu ekki bundin við starfsmenn þeirra stjórnvalda er upphaflega hafa aflað upplýsinganna.

Þá ber sérstaklega að vísa til ákvæðis 1. gr., e. og f. liða lrl. þar sem tvö af hlutverkum löggreglu eru eftirfarandi:

- e. að veita yfirvöldum vernd eða aðstoð við framkvæmd starfa sinna samkvæmt fyrirmælum laga eða venju eftir því sem þörf er á,  
f. að starfa í samvinnu við önnur stjórnvöld og stofnanir sem hafa með höndum verkefni sem tengjast starfssviði löggreglu,

Þá er í 55. gr. útl. sérstök heimild til vinnslu persónuupplýsinga og samkeyrslu á milli Útlendingastofnunar, Vinnumálastofnunar, löggreglu, skattyfirvalda og þjóðskrár.

Samkvæmt öllu framangreindu er það mat undirritaðrar að skýr lagastoð hafi verið til miðlunar þeirra persónuupplýsinga, þ.e. framsendingar greinar-gerðar/skýrslu löggreglu um tilgreind mál þann 20. nóvember 2013, með vísan til 2. og 4. tl. 2. mgr. 6. gr. reglugerðar um miðlun persónuupplýsinga hjá löggreglu nr. 322/2001.

### Um stöðu pólitískra aðstoðarmanna ráðherra

Samkvæmt 22. gr. laga um Stjórnarráð Íslands er ráðherrum heimilt að ráða til starfa í ráðuneyti sínu aðstoðarmann eða aðstoðarmenn. Gegnir aðstoðarmaður ráðherra störfum fyrir ráðherra svo lengi sem ráðherra ákveður og heyra beint undir ráðherra. Er meginhlutverk aðstoðarmannsins að vinna að stefnumótun á málefnasviði ráðuneytis undir yfirlitjörn ráðherra og í samvinnu við ráðuneytisstjóra. Aðstoðarmanni ráðherra er þó óheimilt að rita undir stjórnvaldserindi fyrir hönd ráðherra. Þá kemur fram í 2. mgr. 18. gr. sömu laga að ráðherra setji ráðuneytisstjóra og aðstoðarmanni ráðherra erindisbréf og ráðuneytisstjórar setja skrifstofustjórum erindisbréf, þar sem meðal annars skal kveðið á um starfssvið þeirra og starfsskyldur. Forsætisráðuneytið skal gefa út

leiðbeinandi erindisbréf fyrir ráðuneytisstjóra, skrifstofustjóra og aðstoðarmenn ráðherra í Stjórnarráði Íslands.

Í lögskýringargögnum að baki framangreindum ákvæðum er sérstaklega kveðið á um það að aðstoðarmaður sé ráðherra til aðstoðar og ráðherra sé heimilt að horfa til stjórnmalaskoðana við val á aðstoðarmanni. Þörf ráðherra fyrir pólitískt aðstoðarfólk sé mikil og með sterku aðstoðarmannakerfi sé auðveldara að tryggja aðgreiningu á milli hins tvíþætta hlutverks ráðherra sem stjórnvaldshafa annars vegar og pólitíks stefnumótunaraðila hins vegar. Aðstoðarmaður ráðherra og ráðgjafi ráðherra eru ekki embættismenn heldur starfa þeir í ráðuneyti sem ráðnir starfsmenn eins lengi og ráðherra ákveður en ekki lengur en ráðherrann sjálfur. Skv. lögskýringargögnum hefur aðstoðarmaður ráðherra ekki boðvald yfir starfsmönnum ráðuneytis en vinnur náið með stjórnendum og starfsmönnum ráðuneytisins í umbodi ráðherra en ráðuneytisstjóri kemur þeim samskiptum á í gegnum embættismannakerfi ráðuneytanna. Eðlilegt þótti við gerð framangreindra laga um Stjórnarráð Íslands að geta þess sérstaklega í 18. gr. laganna að öllum embættismönnum innan Stjórnarráðs Íslands, ráðuneytisstjórum jafnt sem skrifstofustjórum, væru sett erindisbréf svo hægt væri að fylgjast með þróun og árangri þeirra í starfi þar sem meðal annars verði kveðið á um starfssvið þeirra og starfsskyldur. Gert var ráð fyrir því að forsætisráðuneytið semji erindisbréf fyrir ráðuneytisstjóra, skrifstofustjóra, aðstoðarmenn ráðherra og ráðgjafa ráðherra sem verði leiðbeinandi fyrir önnur ráðuneyti í Stjórnarráði Íslands.

### Framsending á greinargerð til

20. nóvember 2013

Pann 20. nóvember 2013 lá fyrir að til mótmæla hafði verið boðað vegna brottvísunar frá Íslandi en fyrir lá ákvörðun Útlendingastofnunar þess efnis en innanríkisráðuneytið hafði málið til meðferðar sem æðra stjórnvald og hafði staðfest ákvörðun Útlendingastofnunar. Mótmælin áttu að eiga sér stað við innanríkisráðuneytið kl. 12:00 þennan dag. Til mótmælanna var stofnað á facebook síðu þar sem fram kom að brottvísun mannsins væri lögbrot þar sem hann ætti unnstu og ófætt barn á Íslandi og vísað til Barnasáttmála Sameinuðu Þjóðanna, einkum gr. 9.1 Þá kemur þar fram; "Málið var þingfest síðastliðinn briðjudag og hafa dómstólar því EKKI fengið tækifæri á að kveða upp dóm í málinu. Örlög þeirra allra eru í höndum innanríkisráðherra. Mætum öll við innanríkisráðuneytið miðvikudaginn 20. nóv. kl 12 og andmælum brottvísuninni. Krefjumst mannréttinda fyrir alla, einnig flóttamenn."

Eins og að framan er rakið fer innanríkisáðherra með yfirumsjón útlendingamála skv. 1. mgr. 3. gr. útl.. Í ráðuneytinu var verið að skoða mál umrædds aðila umræddan dag en hann var eftirlýstur af lögreglu vegna framkvæmdar á ákvörðun ráðuneytisins um brottvísun úr landi. Þá kom það fyrir að í ráðuneytinu væri endurskoðuð ákvörðun um brottvísun sem ráðuneytið hafði áður staðfest eftir að formleg ákvörðun lá fyrir m.a. vegna fjölmíðlaumfjöllunar eða þrýstingslögmanna. Ráðuneytið var því enn með mál hans til meðferðar skv. framangreindu.

Undirrituð var í góðri trú um og hafði enga ástæðu til að ætla annað en að aðstoðarmaður innanríkisráðherra óskaði eftir umræddum gögnum í umboði ráðherra í greint sinn og sem starfsmaður innanríkisráðuneytisins og jafnframt að réttmætar og edlilegar forsendur lægju að baki beiðni hans., Ég hafði ekkert tilefni til að álykta, eða ætla, að annarlegar ástæður gætu legið að baki beiðni aðstoðarmannsins um upplýsingar. Mér var kunnugt um að málið var til meðferðar í ráðuneytinu, sbr. framangreint, og að fleiri en einn starfsmaður væri að vinna að því. Ég gekk út frá því að aðstoðarmaður ráðherra væri hluti af þeim vinnuhópi sem að málínu væri að vinna innan ráðuneytisins og sendi honum þar af leiðandi greinargerðina, f.h. embættis lögreglustjórans á Suðurnesjum, á grundvelli 14. gr. laga um Stjórnarráð Íslands nr. 115/2011.

Í greinargerð innanríkisráðuneytisins 21. þessa mánaðar kom m. a. fram “*að það fari eftir starfsskyldum hvers og eins starfsmanns hvort og þá hvaða gögnum hann hafi heimild til að óska eftir fyrir hönd ráðherra. Það starfsfólk sem vinnur að úrlausn einstakra mála, líkt og á við um stóran hluta starfsfólks innanríkisráðuneytisins, hefur slíka heimild. Í því sambandi skal jafnframt bent á að sú stjórnsýsluvenja hefur myndast og telst óumdeild að starfsfólk ráðuneytis geti komið fram fyrir hönd ráðherra enda er ráðherra ókleift að hafa yfirsýn yfir og koma með beinum hætti að öllum málum sem til meðferðar eru á hverjum tíma.*”

Skv. öllu framanrituðu liggur ljóst fyrir að starfsskyldur aðstoðarmanna ráðherra eiga að koma fram í erindisbréfi viðkomandi. Öllum ætti þó að vera ljóst að forstöðumönnum og starfsmönnum undirstofnana ráðuneyta er almennnt ekki kunnugt um efni erindisbréfa starfsmanna ráðuneyta né um starfsskyldur einstakra starfsmanna skv. starfslýsingum. Þá er þeim heldur ekki kunnugt um hvort erindisbréf eða aðrar starfslýsingar í ráðuneytum séu almennt til. Forstöðumenn og starfsmenn undirstofnana ráðuneytis hljóta auk þess almennt séð að geta gengið að því sem gefnu, a.m.k. þar til hið gagnstæða kemur í ljós, að þeir sem hafa samband við þá á vegum ráðherra eða ráðuneytis hafi fullnægjandi umboð og heimildir til þess og að erindi þeirra eigi sér réttmætar og edlilegar forsendur. Þá hljóta forstöðumenn og starfsmenn undirstofnana að gefa sér, líkt og undirrituð í greint sinn, að þeir sem taka við upplýsingum fyrir hönd ráðherra og ráðuneytis virði þær reglur sem gilda um meðferð viðkvæmra upplýsinga sem þeir kalla eftir og fá starfa sinna vegna.

Ég frábið mér ábyrgð á því hvort umrædd greinargerð hafi verið vistuð í málaskrá ráðuneytisins. Slikt er að sjálfsögðu innanhúsmál hjá viðkomandi ráðuneyti. Aðkoma forstöðumanna undirstofnana ráðuneytis að þeirri skráningu er engin.

Ég legg á það áherslu að upplýsingamiðlun míni til aðstoðarmanns innanríkisráðherra átti sér stað eftir að upplýsingum úr umræddu minnisblaði var lekið til fjölmíðla. Ljóst má því vera að hvorki efni umrædds minnisblaðs né fréttar eftir að því hafi verið lekið var sótt í þá greinargerð sem ég sendi aðstoðarmanni ráðherra.

## Um efni margnefndrar greinargerðar/skýrslu

Um er að ræða samantekt um málefni nokkurra hælisleitenda hér á landi, þar sem saman eru dregnar upplýsingar um atriði sem löggregla hafði talið að tengdi þessa einstaklinga saman og ástæður þess að löggregla hafði afskipti af þeim er þau komu til landsins. Þarna er ekki um að ræða gildishlaðna umfjöllun um einstaklingana heldur reynt að draga saman beinar staðreyndir sem löggregla hafði talið gefa til kynna að þeir hefðu í ýmsum tilvikum ekki gefið réttar upplýsingar um hagi sína og ástæður fyrir hælisumsóknnum sínum hér á landi. Efni samantektarinnar varðar því ekki á nokkurn hátt atriði sem ekki er í verkahring innanríkisráðuneytisins að hafa eftirlit með sem æðra stjórnvald.

### Lokaorð

Sem fyrr segir eru forstöðumenn undirstofnana skuldbundnir til að veita ráðherra hverjar þær upplýsingar og skýringar sem honum er þörf á til að sinna yfirstjórnarhlutverki sínu, sbr. 14. gr. laga um Stjórnarráð Íslands.

Forstöðumenn undirstofnana ráðuneyta eiga að geta verið í góðri trú um umboð og heimildir starfsmanna, embættismanna, ráðherra og aðstoðarmanna ráðherra sem til þeirra leita, svo og að þessir aðilar fari að lögum og jafnframt að erindi þeirra eigi sér réttmætar og edlilegar forsendur.

Í þessu tiltekna tilviki tengdist gagnaöflun aðstoðarmannsins tilteknu málí sem til meðferðar var í innanríkisráðuneytinu og málaflokki sem var sérstaklega til umfjöllunar og endurskoðunar í ráðuneytinu á þessum tíma. Gekk undirrituð út frá því að ráðuneytið teldi hana nauðsynlega til þess að ráðherra gæti sinnt lögbundnum skyldum sínum. Í því sambandi leyfi ég mér að benda á, að samkvæmt upplýsingum frá embætti Ríkissaksóknara kom fram við rannsókn sakamálsins gegn ~~þóttum~~ svonefndu „lekamáli“, að skrifstofustjóri í innanríkisráðuneytinu hafi að morgni miðvikudagsins 20. nóvember 2013 sent ~~þóttum~~ með tölvupósti framburðarskýrslu af ~~þóttum~~ sem skrifstofustjóranum hafði borist frá starfsmanni Útlendingastofinunar. Sýnir sú framsending á tölvupósti fram á að ~~þóttum~~ var að vinna að málínu sem starfsmaður í ráðuneytinu á þessum tíma og ráðuneytið hafði mál umrædds aðila til meðferðar skv. lögum um útlendinga.


Pá er rétt að áréttu að enda þótt gagnaöflun af hálfu innanríkisráðuneytisins sé að jafnaði með formlegum hætti, þá gerist það alloft að upplýsinga sé beiðst í gegnum síma, eða með tölvubréfi, krefjist mál skjótrar úrlausnar, eins og hér var um að ræða. Krafa um skilvirka stjórnsýslu útheimtir að brugðist sé við slíku svo fljótt sem unnt er – vissulega er rétt að gæta að edlilegum formsatriðum í slíkum tilvikum, en einhvers staðar liggja þó takmörk í þeim efnum eins og öðrum. Að mínu mati er ekki hægt að gera þá kröfu til stjórnenda undirstofnunar ráðuneytis að þeir gangi úr skugga um það hverju sinni sem ráðuneyti kallar eftir upplýsingum eða gögnum að viðkomandi hafi heimild eða umboð til að óska eftir gögnunum.

ráðuneytisins hafði afskipti af löggreglurannsókn embættis löggreglustjórans á Suðurnesjum vegna ætlaðra brota umrædds aðila né gáfu starfsmönnum þess fyrirmæli um meðferð eða úrlausn málsins, hvorki bein né óbein.

Að lokum er rétt að undirstrika, að undirrituð hafði, þar til fyrrum aðstoðarmaður innanríkisráðherra játaði refsiverða háttsemi sína í fjölmíðum, enga vitneskju um að hann hefði gerst sekur um brot á ákvæðum laga þagnarskyldu. Undirrituð var í góðri trú um að hann væri að vinna fyrir og í þágu ráðuneytisins í samræmi við starfsskyldur sínar þar og að réttmætar og eðlilegar forsendur lægju að baki beiðni hans um upplýsingar

Samkvæmt öllu framangreindu lýsi ég yfir því að ég gerði ekki annað en það sem ég taldi lögbundna skyldu mína gagnvart æðra stjórnvaldi er ég, í góðri trú sendi þáverandi aðstoðarmanni innanríkisráðherra umrædda greinargerð/skýrslu 20. nóvember 2013. Um það vísa ég sérstaklega til 14. gr. laga um Stjórnarráð Íslands nr. 115/2011.

Virðingarfyllst



Sigríður Björk Guðjónsdóttir,  
þýrrverandi löggreglustjóri a Suðurnesjum